

Fyrirspurn

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um sjúkraflutninga innan lands með þyrlum.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hve oft á ári voru þyrlur notaðar til sjúkraflutninga innan lands árin 2000–2004 og með hversu marga sjúklinga var flogið?
2. Hve oft á sama tíma var lent á:
 - a. Reykjavíkurlugvelli og með hvað marga sjúklinga,
 - b. þyrlupalli í Fossvogi og með hvað marga sjúklinga?
3. Hvaðan var flogið?
4. Hver var, þegar lent var á Reykjavíkurlugvelli eða þyrlupalli í Fossvogi:
 - a. viðbragðstíminn, frá því að kallað var eftir sjúkraflugi og þar til sjúklingur var kominn um borð í þyrluna,
 - b. flugtíminn, frá því að sjúklingur kom um borð og þar til þyrlan lenti?Óskað er eftir upplýsingum um stysta tíma, lengsta tíma og meðaltíma.
5. Hvert var hlutfall þeirra sjúklinga sem flogið var með til Reykjavíkur og höfðu legið á sjúkrastofnun utan borgarinnar, þ.e. voru fluttir milli sjúkrastofnana?
6. Eru til upplýsingar um hversu „akút“ sjúkraflugið til Reykjavíkur var í hverju tilviki? Svarið óskast sundurliðað eftir því hvort lent var á Reykjavíkurlugvelli eða á þyrlupalli í Fossvogi.
7. Eru til rannsóknir á afdrifum sjúklinga sem fluttir voru með þyrlu til Reykjavíkur? Upplýsingar óskast um eftirfarandi:
 - a. dánartíðni á sjúkrahúsi eftir flutninginn,
 - b. dvöl (legudagar) á sjúkrahúsi í Reykjavík,
 - c. útskrift: heim, á stofnun, annað sjúkrahús,
 - d. hvort flutningstími til Reykjavíkur hafi haft afdrifarík áhrif á batahorfur sjúklings.
8. Hvort eru áhafnir þyrlna á staðarvöktum eða bakvöktum?
9. Hver er skilgreindur viðbragðstími þessara starfsmanna í sjúkraflugi, þ.e. sá tími sem líður frá útkalli til flugtaks?

Skriflegt svar óskast.